

SAMÞYKT54
13. júlí

um

**breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað
frá 15. júní 1920.**

57. gr., 1. málsg. orðist svo:

Veitingahúsum og kaffisöluhúsum öllum skal lokað kl. 11 á kvöldin til kl. 7 að morgni og allir gestir, sem hafa þar ekki næturstað skulu farnir út kl. 11 að kvöldi.

Kvikmyndahúsum og öllum almennum skemtisamkomum skal lokað frá kl. 11½ á kvöldin til kl. 7 að morgni; þó er lögreglustjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði með samkomur, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, til almenningsheilla eða eru til styrktar framfaramálum bæjarins, svo og með samkomur, sem haldnar eru á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. júní.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 15. júlí 1927.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júlí 1927.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

St. Gunnlaugsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- **55**
sjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jéhönnu Kristínar Þor- **22. júlí**
leifsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-
málaráðherra 22. júlí 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og
frú Jéhönnu Kristínar Þorleifsdóttur.**

1. gr.

Vjer undirskrifuð systkin, börn Hákonar kaupmanns Bjarna-
sonar og konu hans Jéhönnu Kr. Þorleifsdóttur, höfum lagt í Söfnunar-
sjóð Íslands 2584 — tvö þúsund fimm hundruð áttatíu og fjórar —

55 krónur 96 aura. Stóð upphæð þessi í Söfnunarsjóði á síðastliðnum ára-
22. júlí mótum, og skal standa þar um aldur og æfi.

Við höfuðstólinn skal, auk gjafa er sjóðnum kunna að áskotnast, árlega leggja þriðjung ársvaxta, talið frá byrjun þessa árs, en tveir þriðjungar vaxtanna skulu árlega vera til reiðu fyrir stjórn sjóðsins, til ráðstöfunar samkvæmt því, er síðar segir.

2. gr.

Vjer systkin höfum ein á höndum stjórn sjóðsins, meðan þrjú eða fleiri af oss lifa.

Þegar þrjú af oss eru látin, kýs Verslunarráð Íslands einn mann í stjórn sjóðsins. Þegar fjögur eru látin, kýs stjórn Kvennaskóla Reykjavíkur annan mann í stjórnina. Og þegar vjer öll erum látin, gengur elsti niður foreldra vorra í stjórnina. Er stjórnin þá fullskipuð og til frambúðar, enda sje hún heimilisföst í Reykjavík.

Nú verður stjórn sjóðsins ekki skipuð á þann hátt, sem hjer segir, af því að enginn sjálfkjörinn maður er til í stjórnina, eða af því að önnurhvor kjörstofnunin fellur niður eða báðar, og skipar þá æðsta stjórnvald skólamála manni í stjórnina í stað þess, er sjálfkjörinn skyldi vera, en hlutast til um, að lík stofnun þeirri, er niður hefir fallið, kjósi manni í hennar stað.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórn sjóðsins nema hann sje maður lögráður, ráðdeildarsamur og ráðvundur.

3. gr.

Þeim hluta ársvaxta höfuðstólsins, sem stjórn sjóðsins árlega má ráðstafa, skal verja til að styrkja efnilegan pilt til verslunarnáms og efnilega stúlku til húsfreyjunáms, sinn nemandann hvort árið.

Skulu afkomendur foreldra vorra að öðru jöfnu ganga fyrir styrk úr sjóðnum.

Styrkurinn er veittur af ráðstöfunarfrjálsum vöxtum undanfarins árs.

Verslunarnámsstyrknum skal úthluta 5. september, í fyrsta skifti 1928, og húsfreyjunámsstyrknum 16. desember, í fyrsta skifti 1929.

4. gr.

Stjórnin semur árlega reikning sjóðsins.

Staðfestingar konungs skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, sem síðar kynnu á henni að verða.

Reykjavík, 15. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason. P. H. Bjarnason. B. H. Bjarnason.

Lárus H. Bjarnason. Ágúst H. Bjarnason.